



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HREIN ORKA — NÝ TÆKNI TÆKIFÆRI ÍSLENDINGA

SAMRÁÐSFUNDUR Í SAN FRANCISCO

Forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni hefur verið boðið ásamt Al Gore, fyrrverandi varaforseta Bandaríkjanna, að sækja sérstakan samráðsfund sem haldinn er í San Francisco. Fundurinn hefst í dag og eru þátttakendur forstjórar sumra stærstu fyrirtækja Bandaríkjanna, sérfræðingar á sviði tækni og vísinda og áhrifaríkir fjárfestar. Fundurinn er haldinn á vegum fjárfestingasjóðsins Kleiner Perkins Caufield and Byers en það fyrirtæki hefur átt ríka hlutdeild í eflingu nýrra greina í alþjóðlegu atvinnulífi og var meðal annars einn helsti bakhjarl hins heimsþekkta netfyrirtækis Google.

Á samráðsfundinum verður einkum fjallað um þá möguleika sem hin mörgu svið hreinnar orku fela í sér, en þar ber hæst jarðhita, vindorku, sólarorku, líforku en einnig aðrar greinar nýrra orkugjafa. Markmið samræðunnar er að kanna hvernig nýjar leiðir í orkumálum geta hamlað gegn þeirri miklu hættu á loftslagsbreytingum sem blasir við mannkyni á næstu áratugum.

Forseti Íslands mun gera grein fyrir árangri Íslendinga í nýtingu jarðhita og hvernig sú kunnátta hefur stuðlað að samstarfsverkefnum víða um veröld. Þá mun forsetinn gera grein fyrir hugmyndum um hvernig Íslendingar geta tekið aukinn þátt í þróun hreinna orkugjafa í öðrum löndum.

7. desember 2006.

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson, skrifstofustjóri (820-4946).